

UM INNRA MAT Í GRUNNSKÓLANUM Á ÍSAFIRÐI

Helstu áherslatriði í þessari skýrslu eru: upplýsingastreymi frá skólatil foreldra, ánægja foreldra með umsjónarkennara og viðhorf foreldra til skólans

*Skýrsla I,
skólaárið 2013-
2014. Mat unnið í
febrúar og mars
2014.*

Ábyrgðaraðili skýrslu er
Jóna Benediktsdóttir

Efnisyfirlit

1. Samantekt	2
2. Um Grunnskólann á Ísafirði	3
3. Inngangur að skýrslu I.....	4
4. Markmið	4
5. Aðferð.....	4
6. Viðmið.....	5
7. Niðurstöður.....	6
7.1 Heildarniðurstöður fyrir skólann.	7
7.2 Niðurstöður fyrir unglingastig.....	15
7.3 Niðurstöður fyrir miðstig.....	24
7.4 Niðurstöður fyrir yngsta stig.	33
8. Umræða og samanburður	43
9. Umbótaáætlun	47
10. Endurmat	50
11. Heimildir	50
12. Fylgiskjöl.....	51
I Skriflegar athugasemdir frá foreldrum barna á unglingastigi	51
II Skriflegar athugasemdir frá foreldrum barna á miðstigi.	51
III Skriflegar athugasemdir foreldra á yngsta stigi.....	53
IV Könnun fyrir foreldra barna á unglingastigi	55
V Könnun fyrir foreldra barna á miðstigi.....	57
VI Könnun fyrir foreldra nemenda á yngsta stigi.....	59
Hér koma spurningar um Frístundina.....	61

1. Samantekt

Könnun sú sem hér er gerð grein fyrir var lögð fyrir foreldra nemenda á foreldraviðtalsdegi í febrúar 2014. Svörun var 69%. Vorið 2012 var gerð sambærileg könnun í Grunnskólanum á Ísafirði. Niðurstöður nú verða bornar saman við þær niðurstöður eftir því sem hægt er. Einnig er spurt um viðhorf foreldra til breytinga sem gerðar voru á skipan náms á mið- og yngsta stigi. Heildarniðurstöður fyrir skólann eru birtar og þær einnig greindar eftir aldri nemenda og kyni.

Markmið innra mats að þessu sinni er í sjö liðum:

I) Að kanna viðhorf foreldra til umsjónarkennara og til skólans.

Almennt eru viðhorf til umsjónarkennara og skólans yfir viðmiðunarmörkum sem sett voru. 95% foreldra eru jákvæðir í garð umsjónarkennara og 92% eru jákvæðir í garð skólans.

II) Að kanna hvernig foreldrar meta upplýsingastreymi frá skólanum.

Foreldrar yngstu nemenda meta upplýsingastreymið betra en foreldrar eldri nemenda. Of margir foreldrar telja aðgengi að upplýsingum um skólastarfið ekki nógu gott.

III) Að kanna viðhorf foreldra til heimanámsstefnu skólans.

87% foreldra segjast vera sáttir við stefnuna.

IV) Að afla upplýsinga um heimalestur nemenda.

Samkvæmt upplýsingum frá foreldrum minnkar sá tími sem nemendur nota til lesturs eftir því sem þeir eldast. Í 1.-7. bekk lesa flestir í 10-20 mínútur á dag en í 8.-10. bekk lesa flestir í minna en 10 mínútur á dag. Þetta eru samsvarandi upplýsingar og koma fram í lestrarkönnun sem gerð var hjá nemendum. Sú könnun er aðgengileg á heimasíðu skólans.

V) Að kanna hvernig foreldrum gengur að fylgjast með námi barna sinna.

Aðeins 80% foreldra segja að þeim gangi mjög vel eða vel að fylgjast með námi barna sinna. Í síðustu könnun völdu 85% foreldra þessa svarmöguleika.

VI) Að kanna viðhorf foreldra til breytinga á skipan náms á miðstigi, „hræringis

92% foreldra segjast vera ánægðir með þetta verkefni.

VII) Að kanna viðhorf foreldra til breytinga á skipan náms á yngsta stigi, „Frístundar“.

94,5% foreldra völdu svarmöguleikana „mjög vel“ eða „frekar vel“ við þessari spurningu.

2. Um Grunnskólann á Ísafirði

Skólinn heitir Grunnskólinn á Ísafirði og er að Austurvegi 6, Ísafirði. Hann er byggður sem einsetinn skóli fyrir um það bil 500 nemendur. Húsið er þrjár byggingar sem tengdar eru saman. Haustið 2008 var tekin í notkun nýbygging sem byggð var við skólann, að hluta til utan um elsta skólann, gamla barnaskólann. Þar eru nú allar verkgreinastofur auk fjögurra almennra kennslustofa og bókasafns. Arkitekt þessarar byggingar er Einar Ólafsson. Kennsla yngstu bekkja fór um árabíl fram í „Kaupfélaginu“, en nú eru allir árgangar skólans í aðalbyggingunni. Skólinn var settur í fyrsta sinn 1874 og hefur því starfað óslitið í 139 ár. Rekið er frístundastarf fyrir nemendur í 1.-4. bekk á vegum Íþróttá- og tólmstundaráðs Ísafjarðarbæjar.

Undanfarin ár hefur skólinn unnið eftir stefnunni „*Uppbygging sjálfsaga - uppeldi til ábyrgðar*“ en markmiðið með henni er að byggja upp sjálfsaga hjá nemendum og koma því til leiðar að þeir vilji haga sér vel til þess eins að vera ánægðir með sjálfa sig en ekki til þess að forðast refsingu eða hljóta umbun. Grunnskólinn á Ísafirði hefur tekið þátt í *Olweusaráætluninni – gegn einelti og andfélagslegri hegðun* frá árinu 2002. Áætlunin byggist á því að vinna markvisst gegn einelti og er ætlað að vekja alla til umhugsunar um að einelti sé skaðlegt. Kennarar hafa fylgt áætluninni vel eftir og til dæmis eru bekkjarsfundir virkur þáttur í skólastarfinu. Undanfarin ár hefur ekki verið greitt fyrir eineltiskannanir og telst skólinn því ekki formlegur þátttakandi í áætluninni en öll önnur vinna til varnar einelti er með sama hætti og áður í skólanum og í skólanum eru gerðar kannanir á líðan nemenda.

Einkunnarorð skólans, sem eiga að endurspeglast í öllu starfi hans, eru *virðing, samhugur og menntun*.

Virðing: *Í skólanum okkar ríkir virðing fyrir eigum, skoðunum og sérstöðu hvers og eins.*

Samhugur: *Í skólanum okkar ríkir gleði og vellíðan. Við finnum fyrir samstöðu og trausti, hjálpumst að og erum örugg.*

Menntun: *Í skólanum okkar ríkir vinnugleði, nýsköpun, gagnrýnin hugsun og virk uppbygging. Við höfum metnað, sköpunargleði, ábyrgð og kraft til að gera okkar besta.*

3. Inngangur að skýrslu I

Þessi skýrsla sem fjallar um upplýsingastreymi og viðhorf foreldra til skólans er hluti af innra mati Grunnskólans á Ísafirði. Gerð hefur verið matsáætlun fyrir skólann til fimm ára. Á síðasta skólaári var lagður grunnur að endurskoðun skólanámskrár og mati á framförum nemenda miðað við niðurstöður Námsmatsstofnunar, einnig var fjallað um stjórnun skólans og vinnu við Uppbyggingarstefnu. Matsþátturinn líðan nemenda er á dagskrá á hverju ári og verða honum gerð skil í næstu skýrslu ásamt fleiru. Að hluta til er nú verið að endurmeta þætti sem voru mældir síðast í febrúar 2012.

4. Markmið

Markmið þessa matsverkefnis er að afla upplýsinga um samskipti heimilis og skóla. Mikilvægt er fyrir skólasamfélagið að viðhorf foreldra til skólans séu jákvæð og ef svo er ekki þarf að bregðast við með markvissum hætti. Það er einnig mikilvægt að vita hvernig upplýsingar berast frá skólanum til foreldra og hvaða upplýsingaleiðir henta foreldrum best.

Markmið innra mats að þessu sinni er í sjö liðum:

- I) *Að kanna viðhorf foreldra til umsjónarkennara og til skólans.*
- II) *Að kanna upplýsingastreymi frá skólanum.*
- III) *Að kanna viðhorf foreldra til heimanámsstefnu skólans.*
- IV) *Að afla upplýsinga um heimalestur nemenda.*
- V) *Að kanna hvernig foreldrum gengur að fylgjast með námi barna sinna.*
- VI) *Að kanna viðhorf foreldra til breytinga á skipan náms á miðstigi, „hræring“*
- VII) *Að kanna viðhorf foreldra til breytinga á skipan náms á yngsta tigi, „Frístundar“.*

5. Aðferð

Á foreldraviðtalsdegi í febrúar var lögð könnun fyrir foreldra. Könnunin var unnin af matsteymi skólans, búin til í forritinu „surveymonkey“ og sett upp á heimasíðu skólans. Okkur finnst mikilvægt að niðurstöður séu greinanlegar eftir skólastigum því margt er ólíkt eftir aldri nemenda. Eina leiðin sem við fundum til þess var að hafa sérstaka könnun fyrir hvert skólastig og því þurftu foreldrar

sem eiga börn á fleiri en einu stigi að svara oftast en einu sinni. Ekki var spurt um hvort annar eða báðir foreldrar barns svöruðu könnuninni. Í skólanum eru 354 nemendur og svör bárust frá 247 þátttakendum, ef miðað er við að svarað hafi verið einu sinni fyrir hvert barn er það um 70% svörun. Rétt er að geta þess að ekki má líta á útkomu úr könnun sem staðreynd heldur aðeins vísbendingu um viðhorf á þeim tíma sem henni er svarað.

6. Viðmið


Viðmið sem sett voru endurspegla væntingar starfsfólks skólans um svörun foreldra. Í sumum tilvikum eru viðmið skólans kannski fullhá, til dæmis þar sem gert er ráð fyrir 90% ánægju og sjálfsagt er að spyrja sig hvort slík viðmið séu raunhæf. Ekki voru þó sett viðmið vegna allra spurninganna að þessu sinni þar sem sumar þeirra eru aðeins til að fá upplýsingar frá foreldrum um atriði sem skólinn getur illa stýrt. Vitneskja um þau getur samt sem áður gefið skólanum tækifæri til að auka og efla samstarf við heimilin. Undir þetta falla spurningar um heimalestur, hvar foreldrar fái upplýsingar um skólastarfið og hversu oft foreldrar athuga skráningar í *mentor*. Viðmið fyrir hverja spurningu eru skýrð í niðurstöðukafla. Spurning um vilja foreldra til að halda áfram með frístundaverkefnið var aðeins lögð fyrir foreldra barna á yngsta stigi. Viðmið skólans var ef 70% foreldra væru ánægðir með verkefnið yrði haldið áfram. Spurning um vilja foreldra til að halda áfram með „hræring“ var aðeins lögð fyrir foreldra barna á miðstigi. Viðmið skólans var ef 70% foreldra væru ánægðir með verkefnið yrði haldið áfram. Spurning um ánægju með fyrirkomulag umsjónar á unglíngastigi var aðeins lögð fyrir foreldra nemenda á unglíngastigi. (Þar sem tveir kennarar hafa sameiginlega umsjón með árgangi). Viðmið skólans var að 80% foreldra svöruðu mjög ánægður eða ánægður.

7. Niðurstöður


Niðurstöðukaflinn er fjórþættur. Fyrst koma heildarniðurstöður fyrir skólann, þar eru birtar tvennskonar myndir. Heildarmynd og mynd sem sýnir niðurstöður eftir stigum. Síðan koma niðurstöður fyrir hvert skólastig sem einnig eru greindar eftir kyni nemenda. Myndir fyrir heildina eru ekki litaðar en myndir fyrir hvert stig hafa einkennislit til að auðvelda lestur. Allar niðurstöður eru birtar í prósentum nema niðurstöður í spurningu 7 þar sem spurt er um hvar foreldrar fá helst upplýsingar um skólastarfið. Þar var hægt að merkja við fleiri en einn svarmöguleika og því ekki nógu lýsandi að nota prósentur við úrvinnslu. Þátttaka í könnuninni var rúmlega 69 %. Örlítill munur var á fjölda svara eftir spurningum en hann hefur ekki áhrif á niðurstöður. Umfjöllun um spurningar í öllum köflum er í sömu röð og þær spurningar sem aðeins eiga við eitt skólastig koma aftast í spurningaröðinni í kafla stigsins. Í spurningu 1 var spurt um kyn nemenda til að hægt væri að greina upplýsingar eftir kynjum og því hefst umfjöllun um niðurstöður á spurningu 2. Skriflegar athugasemdir eru flokkaðar eftir aldri nemenda og birtar með fylgiskjöllum.

7.1 Heildarniðurstöður fyrir skólann.

Spurning 2.




Viðmið teymisins var að 90% foreldra svöruðu *mjög vel* eða *vel* en 80,4 % svara féllu þannig.




Foreldrum yngstu nemendanna gengur greinilega heldur betur að fylgjast með náminu.

Spurning 3.




Hér má sjá að aðeins 33% nemenda lesa að jafnaði meira en 20 mínútur á dag.




Dreifing lestrarvenja er greinilega mest hjá elstu nemendum en þar eru jafnframt flestir sem lesa minna en 10 mínútur á dag.

Spurning 4.




Viðmið teymisins voru að 80% foreldra væru sáttir við heimanámsstefnuna. 87% foreldra svara þannig.




Minnst ánægja kemur hér fram á miðstigi.

Spurning 5.




Viðmið teymisins var að 90% foreldra svöruðu *mjög aðgengilegar* eða *aðgengilegar*, 83% féllu þannig sem er fækkun frá síðustu könnun.




Foreldrar yngstu nemendanna telja upplýsingarnar aðgengilegastar og hjá foreldrum unglunga eru yfir 20% sem segja ekki nógu aðgengilegar.

Spurning 6.




37% foreldra athuga skráningar vikulega eða oft.




Foreldrar eldri nemenda athuga skráningar oft en foreldrar yngri nemenda.

Spurning 7. Athugið að hér er svörum er lýst með fjölda en ekki prósentum.




Tölvupóstur er sú samskiptaleið sem flestir foreldrar nýta sér.




Notkun á mentor vex eftir því nemendur eldast, en heimsóknnum á heimasíðu skólans virðist fækka að sama skapi.

Spurning 8.




Viðmið teymisins var að 90% foreldra svöruðu *mjög ánægður* eða *ánægður*, 96% þátttakenda velja þá möguleika.




Foreldrar yngri nemenda eru almennt ánægðari en foreldrar eldri nemenda. Enginn hópur fer þó niður fyrir viðmiðunarmörk skólans.

Spurning 9.




Viðmið teymisins var að 90% þátttakenda veldu mjög jákvætt eða jákvætt, 92% svara falla í þá flokka sem er nokkur aukning frá síðustu könnun.




Viðhorf foreldra yngri barna eru jákvæðari en foreldra eldri barna. Ekki er hægt að tala um óánægju hjá neinum hópi þó svo að niðurstaða unglíngastígs sé tæpum 2% lakari en viðmiðunarmörk.

7.2 Niðurstöður fyrir unglingastig

Spurning 2.




Viðmið teymisins var að 90% foreldra svöruðu *mjög vel* eða *vel* en 73% svara falla í þá flokka sem er lítilsháttar aukning frá síðustu könnun en þá féllu svör 71% foreldra í þessa flokka.




Ekki er marktækur munur á milli kynja nemenda hvað þetta varðar.

Spurning 3.




Hér kemur í ljós að aðeins 29% nemenda unglingastigs virðast lesa meira en 20 mínútur á dag.




Nokkur kynjahalli virðist vera á lestri, stúlkur lesa lengur á dag en drengir.

Spurning 4.




Viðmið teymisins voru að 80% foreldra væru sáttir við heimanámsstefnuna. 85% foreldra á unglingastigi eru sáttir.




Sjá má smávægilegan mun milli kynja, 83% foreldra drengja eru mjög eða frekar sáttir en 89% foreldra stúlkna.

Spurning 5.




Viðmið teymisins var að 90% foreldra svöruðu mjög aðgengilegar eða aðgengilegar, 78 % svara falla þannig.




Ekki er afgerandi munur milli kynja hvað þetta varðar.

Spurning 6.




46% foreldra athuga skráningar vikulega eða oftár. Það er talsverð aukning frá síðustu könnun þegar það voru 22%.




Foreldrar dregja athuga skráningar greinilega oftár en foreldrar stúlkna.

Spurning 7




Hér hefur orðið fjölgun í öllum svarflokkum frá síðustu könnun. Flestir foreldrar fá upplýsingar með tölvupósti eða hjá barni.




Hér er nokkur kynjamunur, fleiri foreldrar drengja fá upplýsingar hjá barni eða með tölvupósti.

Spurning 8.




Viðmið teymisins var að 90% foreldra svöruðu mjög ánægður eða ánægður, 93% þátttakenda velja þá möguleika sem er nokkur fækkun frá síðustu könnun.




Foreldrar stúlkna eru almennt ánægðari með umsjónarkennarara en foreldrar drengja þó svo að munurinn sé ekki mikill eða 98% og 91%

Spurning 9.




Viðmið teymisins var að 90% þátttakenda veldu mjög jákvætt eða jákvætt, 88% svara falla í þá flokka, í síðustu könnun féllu 86% svara þannig.




Viðhorf foreldra stúlkna eru jákvæðari en foreldra drengja.

Spurning 10.




Viðmið teymisins var að 90% foreldra væru mjög ánægðir eða ánægðir með fyrirkomulagið. 93% svara falla þannig.




Enn eru foreldrar stúlkna heldur ánægðari en foreldrar drengja.

7.3 Niðurstöður fyrir miðstig

Spurning 2.




Viðmið teymisins var að 90% foreldra svöruðu *mjög vel* eða *vel* en 89% svara falla í þá flokka.




Hér er nokkur kynjamunur, mun fleiri foreldrar stúlkna segja að þeim gangi vel að fylgjast með náminu eða 83% á móti 66% foreldra drengja.

Spurning 3.




33% nemenda lesa að jafnaði í 20 mínútur eða meira á dag.




Fleiri drengrir en stúlkur lesa í minna en 20 mínútur á dag en svo eru einnig fleiri drengrir en stúlkur sem lesa í 30 mínútur á dag eða meira, en þar er um mjög fáa einstaklinga að ræða.

Spurning 4.




Tæplega 83% foreldra á miðstigi eru sáttir við heimanámsstefnuna.




Foreldrar drengja eru heldur sáttari en foreldrar stúlkna.

Spurning 5.




Viðmið teymisins var að 90% foreldra svöruðu mjög aðgengilegar eða aðgengilegar, 83% svara féllu þannig.




Hér kemur fram nokkur munur milli kynja. Fleiri foreldrar stúlkna telja upplýsingarnar ekki nógu aðgengilegar.

Spurning 6.




34% foreldra athuga skráningar vikulega eða oftar.




Foreldrar drengja athuga skráningar heldur oftar en foreldrar stúlkna.

Spurning 7. Vakin er athygli þá því að hér er um fjöldataölur að ræða.




Langflestir merkja við valkostinn á vikuáætlun.




Fleiri foreldrar stúlkna en drengja svörðu könnuninni svo sá munur sem virðist vera hér á svörum er ekki hlutfallslega marktækur.

Spurning 8.




Viðmið teymisins var að 90% foreldra svöruðu mjög ánægður eða ánægður, 98 % þátttakenda völdu þá möguleika.




Fleiri foreldrar stúlkna merkja við möguleikann mjög ánægður en foreldrar drengrja en ef jákvæðu möguleikarnir eru skoðaðir saman jafnast sá munur út.

Spurning 9.

Viðmið teymisins var að 90% þátttakenda veldu *mjög jákvætt* eða *jákvætt*, 91% svara falla í þá flokka.




Rétt tæplega 92% svarenda eru jákvæðir í garð skólans.




Hér er talsverður munur milli kynja. 94% foreldra stúlkna eru jákvæðir en 88% foreldra drengja.

Aukaspurning fyrir foreldra nemenda á miðstigi.




Hér eru svör mjög afgerandi, tæplega 92% þátttakenda eru hlyntir því að haldið verði áfram með verkefnið.




Foreldrar drengja eru ánægðari en foreldrar stúlkna.

7.4 Niðurstöður fyrir yngsta stig.

Spurning 2.




Viðmið teymisins var að 90% foreldra svöruðu mjög vel eða vel, en 93% svara falla í þá flokka.




Nokkru munar á svörum eftir kynjum, 96% foreldra stúlkna gengur vel að fylgjast með en 87% foreldra drengja.

Spurning 3.




Flestir nemendur á yngsta stigi lesa í 10 – 30 mínútur á dag. Rúm 7% lesa þó í minna en 10 mínútur.




Hér er kynjamunur svipaður og á unglíngastigi. Fleiri drengir en stúlkur lesa fáar mínútur og jafnframt eru fleiri drengir sem lesa meira en 30 mínútur á dag.

Spurning 4.




Tæplega 94% foreldra á yngsta stigi eru samkvæmt þessu sáttir við heimanámsstefnu skólans.




Kynjamunur er mjög lítil.

Spurning 5.




Viðmið teymisins var að 90% foreldra svöruðu mjög aðgengilegar eða aðgengilegar, rétt tæplega 90% svara falla þannig.




Sjá má nokkurn kynjamun þar sem foreldrar stúlkna virðast telja upplýsingarnar aðgengilegri en foreldrar drengja, eða 91% á móti 87%.

Spurning 6.





Ekki var sett viðmið vegna þessarar spurningar.




Nokkur munur er á því hversu oft foreldrar drengja og stúlkna athuga upplýsingar í mentor.

Spurning 7. Ekki voru sett viðmið hér og svör eru fjöldatölur.




Kynjamunur er ekki eins og hann lítur út fyrir að vera við fyrstu sýn þar sem mun fleiri foreldrar stúlkna en drengja svöruðu könnuninni.

Spurning 8.




Viðmið teymisins var að 90% foreldra svöruðu mjög ánægður eða ánægður, 96 % þátttakenda velja þá möguleika.




Nokkur kynjamunur er á svörum, þó svo að ánægja foreldra bæði stúlkna og drengja sé vel yfir viðmiðunarmörkum skólans.

Spurning 9.




Viðmið teymisins var að 90% þátttakenda veldu mjög jákvætt eða jákvætt, 96% svara falla í þá flokka.




Lítill munur er á svörum eftir kynjum hér, foreldrar stúlkna eru þó heldur ánægðari en foreldrar drengja, báðir hópar fara vel yfir viðmiðunarmörk skólans.


Aukaspurningar fyrir foreldra nemenda á yngsta stigi.




94% foreldra eru ánægðir með frístundaverkefnið.



Foreldrar stúlkna eru ánægðari en foreldrar drengja, eða 95% á móti 81%.



Hér eru svör mjög afgerandi.



Ekki er marktækur munur milli svara foreldra stúlkna og drengja.

8. Umræða og samanburður

Spurning 2. Hvernig gengur foreldrum að fylgjast með námi barna sinna?

Fyrir tveimur árum svöruðu 85% foreldra að þeim gengi vel eða mjög vel að fylgjast með námi barna sinna, nú eru það aðeins 80%, þannig að heldur hefur sígið á ógæfuhlið hvað þetta varðar. Talsverður munur er á niðurstöðum eftir stigum. Sjá má að foreldrum virðist ganga verr að fylgjast með námi barna sinna eftir því sem börnin eldast. Á yngsta stigi segja 92% að þeim gangi vel eða mjög vel að fylgjast með, á miðstigi eru það 76% og á unglingsstigi 72%. Þegar skoðuð er svörun við þessari spurningu í samhengi við hvernig þeir foreldrar sem segja að þeim gangi ekki nógu vel að fylgjast með námi svara öðrum spurningum má sjá að meirihluti þeirra telur aðgengi að upplýsingum ekki gott, þeir eru ekki nógu ánægðir með umsjónarkennara og viðhorf þeirra til skólans eru fremur neikvæð. Þetta eru ekki margir einstaklingar (4-9) en við viljum gjarnan leita leiða til að koma þessu í eins góðan farveg og okkur er unnt.

Spurning 3. Hve langan tíma les barnið þitt að jafnaði á dag, að heimalestri meðtöldum?

Niðurstöður úr þessari spurningu eru ekki eins og við vonuðumst til. Fáir nemendur lesa meira en 20 mínútur á dag og kynjamunur er nokkur. Stúlkur lesa meira en drengir. Á yngsta stigi er dreifingin nokkurn veginn eins og búast má við, flestir nemendur, eða 47%, lesa í 10 – 20 mínútur á dag sem verður að teljast nokkuð gott. Á miðstigi eru það hinsvegar 17% sem lesa minna en 10 mínútur á dag og ef teknir eru saman allir þeir sem lesa minna en 20 mínútur á dag fer talan upp í 54%. Þessi litli tími sem notaður er til lesturs hefur án efa áhrif á þróun lesskilnings hjá nemendum. Á unglingsstigi er hlutfall þeirra sem lesa minna en 20 mínútur á dag 45%. Það segir okkur að hluti nemenda sinnir ekki þeim lestri sem settur er fyrir sem heimanám. Þessar upplýsingar eru samhljóða upplýsingum sem koma fram í lestrarkönnun sem gerða var meðal nemenda. Skýrsla um þá könnun er á heimasíðu skólans.

Spurning 4. Hversu sátt/ur ert þú við heimanámsstefnu skólans?

Heimanámsstefna skólans var unnin vor á síðasta skólaári. Að þeirri vinnu komu kennarar, nemendur og foreldrar og voru allir þessir aðilar sammála um að leggja megináherslu á lestur í heimanámi. 87% foreldra svara því til að þeir séu

sáttir við stefnuna. Við veltum fyrir okkur hvort það að hafa nánast einungis lestur í heimanámi hafi áhrif á að fleiri en áður svara nú að þeim gangi ekki nógu vel að fylgjast með námi barna sinna. Ekki er marktækur munur milli hópa eða kynja hvað þetta varðar.

Spurning 5. Hversu aðgengilegar eru upplýsingar um skólastarfið að þínu mati?

Hér hefur staðan líka versnað, síðast svöruðu 89% foreldra að upplýsingar væru aðgengilegar eða mjög aðgengilegar en nú eru það aðeins 83%. Ekki er munur eftir kynjum en talsverður munur er eftir aldri nemenda. 90% foreldra nemenda á yngsta stigi telja upplýsingarnar aðgengilegar en aðeins 83% foreldra nemenda á miðstigi. Bæði stigin senda heim vikuáætlanir og nota tölvupósta þess á milli. Á unglíngastigi eru það 78% foreldra sem telja upplýsingar um skólastarfið aðgengilegar. Á miðstigi er nokkur kynjamunur þar sem foreldrum stúlkna gengur verr að nálgast upplýsingar en foreldrum drengja sem er öfugt við upplifun þeirra af því hvernig gengur að fylgjast með námi barnanna. Á yngsta stigi eru það foreldrar drengja sem telja erfiðara að nálgast þessar upplýsingar.

Spurning 6. Hversu oft athugar þú skráningar fyrir þitt barn í mentor?

37% foreldra athuga skráningar í það minnsta vikulega. Í síðustu könnun voru það 23%. Hlutfall þeirra sem skoða skráningar einu sinni á önn eða sjaldnar hefur minnkað úr 49% í 27%. Athygli vekur hve lítil munur er eftir stigum og að svarið „aldrei“ kemur oftast fyrir hjá foreldrum nemenda á unglíngastigi.

Spurning 7. Hvar færð þú helst upplýsingar um skólastarfið?

Hér kemur í ljós að á yngsta- og miðstigi fá flestir upplýsingar á vikuáætlun, eða 54 og 56 en næstflestir merkja við með tölvupósti, eða 43 og 39. Á unglíngastigi merkja flestir við hjá barninu mínu, eða 54 og næstflestir með tölvupósti, eða 49. Ekki hefur gengið eins vel og við hefðum óskað að auka fjölda heimsóknna á heimasíðu skólans.

Spurning 8. Hversu ánægðir eða óánægðir eru foreldrar með umsjónarkennara?

Niðurstaða úr þessari spurningu var mjög ánægjuleg fyrir skólann. Í heild eru 95% foreldra ánægðir með umsjónarkennara barna sinna. Á unglíngastigi eru það 93%, á miðstigi 98% og á yngsta stigi 96%. Viðmið skólans var að 90% foreldra væru ánægðir og á öllum stigum er niðurstaðan mun betri en það. Oft er það svo að umsjónarkennarar þurfa að taka á erfiðum málum með nemendum og foreldrum og við teljum þetta vera skýrt merki um að umsjónarkennarar í GÍ taki starf sitt alvarlega og sinni því vel. Í könnunum sem gerðar eru á vegum grunnskóla Reykjavíkurborgar kemur fram að ánægja með umsjónarkennara þar sé að meðaltali á bilinu 82-83% svo við megum vel við una í þessu samhengi.

Sjá skýrslu:

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/vidhorf_foreldra_grunnskolabarna_2012_0.pdf

Spurning 9. Hvernig er viðhorf þitt til skólans almennt?

Við gerðum okkur vonir um að 90% foreldra veldu svarmöguleikana mjög jákvætt eða jákvætt. 92% svara falla á þann veg svo hér eru niðurstöður betri en vænst var. Þetta er einnig aukning frá síðustu könnun þegar 87% foreldra völdu þessa svarmöguleika. Þó svo að hér sé ekki hægt að tala um óánægju hjá neinum hópi má sjá nokkurn mun milli kynja, foreldrar stúlkna eru almennt ánægðari en foreldrar drengja. Ef við berum okkur einnig saman við meðaltal Reykjavíkurskólanna hér getum við verið vel sátt þar sem þar eru að meðaltali 84% foreldra sem eru ánægðir með skólana.

Eftirtaldar spurningar voru lagðar fyrir á hverju stigi fyrir sig.

Hversu ánægð/ur ert þú með fyrirkomulag umsjónar á unglíngastigi?

Hér svöruðu 93% foreldra að þeir væru ánægðir með fyrirkomulagið en viðmið skólans er að 90% foreldra séu ánægðir. Í síðustu könnun svöruðu 95% því til að þeir væru ánægðir með fyrirkomulagið.

Vilt þú að haldið verði áfram með verkefnið „hræring“ á miðstigi?

Hér eru svör mjög afgerandi, tæplega 92% þátttakenda eru hlynntir því að haldið verði áfram með verkefnið.

Hvernig líkar þér „frístundin“ fyrir nemendur yngsta stigs?

Hér velja 60% foreldra svarmöguleikann „mjög vel“ og 34% „frekar vel“.

Viltu að haldið verði áfram með frístundaverkefnið?

96% foreldra vilja að haldið verði áfram með verkefnið.

9. Umbótaáætlun

Sett eru viðmið haf hálfu skólans vegna flestra spurninganna. Í þeim tilvikum þar sem svör foreldra eru jákvæðari en viðmið skólans gera ráð fyrir eru ekki lagðar til sértakar úrbætur.

Spurning 2. Hvernig gengur þér að fylgjast með námi barnsins þíns?

Viðmið skólans eru að 90% foreldra velji mjög vel eða vel en aðeins 80% svara falla þannig. Greinilegt er að foreldrum nemenda á yngsta- og miðstigi gengur best að fylgjast með námi barna sinna og þar eru svör yfir viðmiðum.

Í maí 2014 verður sendur tölvupóstur á foreldra á mið- og unglíngastigi og óskað eftir tillögum um hvað skólinn getur gert til að auðvelda foreldrum að fylgjast með námi barna sinna. Tillögur foreldra verða skoðaðar og því sem hægt er að hrinda í framkvæmd verður komið á við upphaf næsta skólaárs.

Ábyrgð: Skólastjórnendur.

Spurning 3. Hve langan tíma les barnið þitt að jafnaði á dag, að heimalestri meðtöldum? Ekki voru sett viðmið vegna þessarar spurningar en ljóst má vera að aukinn lestur myndi skila nemendum betri lestarkunnáttu og þar með auðvelda þeim námið að mörgu leyti.

Lagt er til að farið verði í samfélagsverkefni um lestur, í samstarfi við foreldrafélag skólans, þar sem nemendur og allir bæjarbúar verði hvattir til að auka daglegan lestur.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og kennarar.

Einnig verði farið í sérstök verkefni um lestur í öllum árgöngum. Á yngsta stigi verði óskað eftir samstarfi við vinabekki þar sem eldri nemendur segja þeim yngri frá skemmtilegum bókum. Á miðstigi verði foreldrum (eða öðrum) boðið að koma í heimsókn í bekk og segja frá hvernig þeim gagnast lestur í sínu starfi. Á unglíngastigi verði nemendur beðnir um að taka viðtöl við fólk um sama efni.

Ábyrgð: Íslenskukennarar.

Einnig er lagt til að á bókasafni skólans verði komið upp listum fyrir hvern árgang með bókatitlum sem ætlast er til að nemendur hvers árgangs lesi. Þetta er gert til að tryggja að nemendur fái við fjölbreytt lesefni við hæfi.

Ábyrgð: Bókasafnsfræðingur og íslenskukennarar.

Spurning 4. Hversu sátt/ur ert þú við heimanámsstefnu skólans?

Hér voru sett viðmið 80% og 85% svara féllu á þann veg.

Spurning 5. Hversu aðgengilegar eru upplýsingar um skólastarfið?

Viðmið hér eru að 90% foreldra telji auðvelt að nálgast upplýsingar um skólastarfið. Það gekk ekki eftir þar sem aðeins 78% svara falla þannig. Hér er einnig talsverður munur á svörum milli stiga. Foreldrum yngri nemenda virðist finnast auðveldara að afla sér upplýsinga um skólastarfið en foreldrum eldri nemenda. 22% foreldra nemenda á unglingsstigi segja að þeim finnist upplýsingar ekki nógu aðgengilegar en 17% foreldra á miðstigi og 10% foreldra á yngsta stigi svara á sama hátt. Á miðstigi er nokkur kynjamunur þar sem foreldrum stúlkna gengur verr að nálgast upplýsingar en á yngsta stigi eru það foreldrar drengja sem telja erfiðara að nálgast þessar upplýsingar.

Halda þarf heimasíðu skólans meira á lofti og virkja kennara betur við að setja inn fréttir af skólastarfinu. Markmið á að vera að hver árgangur setji inn eina frétt á viku. Umbótaáætlun vegna spurningar tvö ætti einnig að koma að gagni hér.

Ábyrgð: Skólastjórnendur.

Spurning 6. Hversu oft athugar þú skráningar fyrir þitt barn í mentor?

Ekki voru sett viðmið vegna þessara spurningar en notkun á mentor hefur aukist talsvert frá síðustu könnun. Þá voru það 49% sem athuguðu skráningar sjaldnar en einu sinni í mánuði en nú eru það 27% svo nokkur árangur hefur náðst hvað þetta varðar.

Spurning 7. Hvar færð þú helst upplýsingar um skólastarfið?

Ekki voru sett viðmið vegna þessarar spurningar heldur er hún ætluð til að greina stöðuna og meta möguleika á leiðum við upplýsingagjöf. Ljóst er að heimasíða skólans er enn ekki að virka eins og til er ætlast og gera þarf ríkari kröfur til kennara um að setja efni þar inn. Hver árgangur þarf að setja að minnsta kosti eina nýja frétt inn í hverri viku. Gert var ráð fyrir þessu við síðustu úrbótaáætlun en það hefur ekki gengið eftir.

Niðurstaða úr spurningu 8, um viðhorf fólks til umsjónarkennara var betri en viðmiðið sem matsteymið hafði sett.

Spurning 9, um viðhorf foreldra til skólans almennt?

Hér hefur talsvert áunnist, í síðustu könnun sögðu 87% foreldra að viðhorf þeirra væri mjög jákvætt eða jákvætt en nú eru það 92% sem er yfir viðmiðum skólans. Haldið verður áfram á sömu braut með fréttir af skólastarfinu og beinar upplýsingar til foreldra.

Ábyrgð: skólastjórnendur.

Svör við þeim þremur spurningum sem lagðar voru fyrir á hverju stigi fyrir sig voru í öllum tilvikum yfir matsviðmiðum skólans. Það er ánægja með fyrirkomulag umsjónar á unglíngastigi og verkefni hræring og frístund, haldið verður áfram með þau verkefni með sama sniði og nú er viðhaft.

10. Endurmat

Sambærilegar kannanir munu verða gerðar að vori 2016 og niðurstöður bornar saman. Þá verður einnig bætt við spurningum sem verða sambærilegar við spurningar sem Reykjavíkurborg leggur fyrir sína foreldra til að við getum átt möguleika á að bera okkur saman við aðra skóla. Fyrir vorið 2016 verður einnig tekin ákvörðun um hvort færa skuli viðmið skólans nær meðaltali Reykjavíkurskólanna til að auðvelda samanburð við þá.

11. Heimildir

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/vidhorf_foreldra_grunnskolabarna_2012_0.pdf

12.Fylgiskjöl

I Skriflegar athugasemdir frá foreldrum barna á unglíngastigi

Spurning 5, um aðgengi að upplýsingum.

Vantar að kennarar noti Mentor! Að hægt sé að fylgjast með frá viku til viku hvað er að gerast í hverju fagi. Það er óþolandi að ekki sé verið að nota þetta fína kerfi sem í boði er, samanber Moodle í MÍ.

- Myndi vilja sjá að mentor væri miklu meira notað. Er að vissu marki samþykki heimanámsstefnunni en hún hefur samt skapað ákveðna fjarlægð frá skólastarfinu.
- Ég myndi vilja fá meiri yfirsýn yfir vikuáætlanir (hafa eina áætlun frá öllum kennurum) og fá að vita með pósti ef próf er hjá barninu mínu (flestir sinna því ekki allir)
- Hef reynt að fylgjast með á Mentor en ekki eru nægar upplýsingar þar.

Spurning 7, hvar færð þú helst upplýsingar um skólastarfið?

Félagsstarfið á síðu árgangsins á facebook

- Hef samband við kennara.

Annað sem þú vilt koma á framfæri vegna skólastarfsins.

- Myndi frekar vilja sjá Hjallastefnu í skólanum en uppbyggingastefnu sem 1 kennari er að fylgja eftir.
- vantar valkostinn hvorki né
- Um spurningu 7, þá fæ ég sent heim reglulega uppl um ástundun og þarf því ekki að ath það sjálfur

II Skriflegar athugasemdir frá foreldrum barna á miðstigi.

Spurning 4, um heimanámsstefnuna.

Þar sem mitt barn er lesblint og þarf stuðning við sumt í heimanámi þá finnst mér vont að fá of seint tilkynningu um að hún sé ekki að standa sig en er búin að ræða það við kennarann. Og vil ég grípa inn í fyrr en allt fer í óefni og taki þá með sér námsgögn heim.

- Heimanám á ekki að vera. Allt nám á að fara fram í skóla.
- En reyndar veit maður ekkert hvað þau eru að læra,því barnið kemur aldrei með neitt heim.
- Væri til í að hafa þínulítið meira heimanám svo foreldrar geti betur fylgst með hvað barnið er að læra.
- Mér finnst gott að vera ekki með skipulagt heimanám, en hefur þótt ábótavant að því sem barnið þarf að laga sé unnið í sérstaklega.
- Það er mjög lítið heimanám hjá mínu barni.
- Ekki of mikill heimalærdómur sem er gott. :-)
- Þarf meiri hvatningu frá skóla um nauðsyn heimalesturs
- Ég vil fá heimanám í grunngreinum til að geta séð betur framvindu námsins
- Ath. hvort kennari geti fylgst betur með er börn vinna ekki vel í tíma og senda þá verkefni heim fyrr en seinna

Finnst þetta afturför ,að nemandi skuli ekki taka heimanám með og uppbygging námsefnis í skólanum ekki nægileg, að það sé ekki gerðar neinar kröfur til barnanna. Það að það sé ábyrgð barnsins hvernig eða hvað krakkinn fær úr náminu, er svo sem sjálfsagt og alltaf verið svo. En finnst mér það aftur á móti ,vera mín ábyrgð að barnið mitt yfir höfuð fái innsæi í mannkynsögu , íslendingasögu , landafræði , og jafnvel stærðfræði og íslensku (þó það virðist vera það eina sem nemendur virðast læra svona reglulega yfir vikurnar) megináhersla virðist liggja helst á félagslegum þáttum og íþróttum, svo sem sæmilegt (Þó efast ég að leikfimi eigi eftir að veita henni vinnu í framtíðinni. og vorkenni öllum feitum og andíþróttar börnum þá þjáningu að svona mikil áheyrsla sé lögð á íþróttir (var mér sjálfri mikil þína sem barn að þurfa að taka þátt í þeim, þó er barnið mitt sé mjög ánægð með íþróttir:) En hvað veit maður/foreldri ; því barnið fær ekkert heimaverkefni með sér svo ekki getur maður fylgst með hvar eða hvað barnið skilur eða veit.. Er samt ekki óánægð með kennara eða neitt svoleiðis. Finnst bara þetta nýja kerfi stilla upp metnaði fyrir meðalmennsku , en ekki að reyna gera alla hæfa.

Mér finnst erfitt að fylgjast með náni barnsins.

erfitt að fylgjast með því sem er að gerast

Spurning 5, um aðgengi að upplýsingum

Ekki nógu gott þar sem mín dóttir er ekki að klára áætlun og er ekki heldur að sinna því að koma með hana heim og þá getum við ekki fylgst með því sem hún er að gera.(Búið að ræða það við kennarann)

Myndi samt vilja sjá mentor meira notað.

Að komið sé með námskrána , eða að hægt væri að fylgjast með inn á tölvunni , og þá gæti ég sem foreldri einnig séð þaðan hvar eða hvað barninu væri ábótavant í náminu. Ef það á að vera svo að það sé ábyrgð barnsins hvort og hvað hún lærir ,gefið þá foreldrum tækifæri til að vita yfirhöfuð hvað er í gangi til að ég foreldri hafi tækifæri til að reyna upplýsa og mennta barnið. Hugsá ég að það verði mikil áskorun fyrir mig að taka er virðist alla ábyrgð að menntun barnsins, ef að það sé megináhersla skólans að gera barnið félagslega hæfa , en svo ábyrgð barnsins að afla sér þekkingar heima fyrir.

Spurning 7, Hvar færð þú helst upplýsingar

Það væri fint að fá í tölvupósti ef það eru einhverjar nýjar fréttir á heimasíðu skólans, því það eru svo sjaldan nýjar fréttir þar að maður kíkir nánast aldrei þar inn.

kennarinn hringir í mig ef eitthvað sérstakt kemur upp og er það mjög gott.

Gott samband við kennara sem sinnir sínu starfi með miklum sóma.

Kennari hefur einnig verið svo kær að hringja og láta vita um þróun náms.

Varðandi spurningu 6 þá kemur reglulega tölvupóstur um mætingu frá umsjónarkennara og því þarf ég ekki að fara í mentor sjálf til að athuga það

Aukaspurning fyrir miðstig, vilt þú að haldið verði áfram með hræring?

Verð að segja fyrir mitt leiti að henni finnst skemmtilegt að brjóta upp daginn með hræring

Ég er óhress með að dóttir mín hafi misst af FAB-lab vegna tónlistarnáms. Mér var talið trú um það af tónlistarkennaranum að dóttir mín myndi ekki missa af neinu í skólanum því það væri einhvers konar samkomulag milli skólans og tónlistarskólans um þetta.

Sum valfögin eru ekki nægilega markviss. Gott væri ef námsvísir/yfirlit yfir helstu áherslur í áfanganum yrðu kynntar í upphafi annar.

Það mættu koma meiri upplýsingar heim um starfið - einu upplýsingarnar eru frá barninu sjálfu.

Getur verið ruglingslegt og erfitt

Þarf ekki endilega að halda áfram með þetta. Ekki sérlega mikill áhugi hjá mínu barni. Viðurkenni þó að ég þekki ekki mjög vel til með þetta verkefni.

Getur verið ruglingslegt og erfitt

Annað sem þú vilt koma á framfæri vegna skólastarfsins

finnst mentor notað of mikið, og samskipti þar ópersónuleg og þurr.

- Þeir umsjónarkennarar sem hafa verið með dóttir minni alveg frá 1.bekk hafa alltaf verið til fyrirmyndar og eiga þeir hrós skilið ! Mentor er mjög góð hugmynd en hrikalega illa útfærð !
- Finnst bara að kennarinn sé orðin úthaldslaus í kennslu á þessu stigi og illa tekið á eineltismálum
- Viðhorfið er ólíkt eftir skólastigum, Finnst skorta á að nemendur beri virðingu fyrir skólanum sem stofnun. Í kennaraliði skólans virðast vera of margir kennarar sem ná illa eða ekki til nemenda á þessu skólastigi.
- Vantar valkost um á milli jákvætt og fremur neikvætt
- Skólalóðin og tilvera barnanna í útiveru.. frímínútur eru líka nám! er alveg fyrir neðan allar hellur, skólafirvöld ættu að reyna enn meir að vinna í því og reyna að fá foreldra í lið við sig hvað það varðar
- Samskipti í gegnum Mentor eru virkilega þurr og ópersónuleg. Ég myndi vilja takmarka notkun á því, sérstaklega dagbókinni. Þó það sé fínt að setja í dagbók það sem kemur upp, myndi ég líka vilja fá það í tölvupósti þar sem ég gæti svarað viðkomandi kennara beint og rætt nánar það sem uppá hefur komið.
- Frábærir kennarar sem vilja barni mínu allt hið besta :) Gott starf í þessum skóla :)

III Skriflegar athugasemdir foreldra á yngsta stigi

Spurning 4, um heimanámsstefnuna

Heimanám á heima í skólanum ekki á kvöldin þegar barnið er orðið þreytt eftir daginn.

- Finnst fínt að ekki þurfi að læra heima en hins vegar vil ég fá að vita ef barnið dregst aftur úr þannig að hægt sé að fá námsgögn heim til að aðstoða barnið
- Gengur ekki nógu vel að fá umbeðið heimanám fyrir barnið frá kennara.
- Getum ekki fylgst nógu vel með náminu ef enginn heimavinna er.
- Má hafa heimaverkefni stöku sinnum - þó ekki sé það almennt.
- Minni yfirsýn yfir stöðu barnsins námslega séð þegar heimanám er ekkert.
- Finnst ég aðeins missa yfirsýn yfir stöðu barnsins í náminu t.d stærðfræði þegar heimanám er ekkert.
- Má senda námsefni heim annað slagið til að maður fylgist aðeins betur með.

Spurning 5, um aðgengi að upplýsingum

Myndi vilja að kennari dóttur minnar nýtti Mentor betur til að auðveldara væri að fylgjast með. Segi hér að upplýsingar um skólastarfið séu aðgengilegar vegna þess að heimasíða skólans er ágæt.

- Ég myndi gjarnan vilja fá tölvupósta um það sem er um að vera þar sem ég er ekki sú duglegasta að fylgjast með, þó upplýsingarnar séu aðgengilegar.
- Er að batna mikið eftir að Mentor komst/kemst í gagnið.

Spurning 7, hvar færð þú helst upplýsingar um skólastarfið

ATH ég fer fremur sjaldan inn á Mentor vegna þess að kennari notar Mentor lítið sem ekkert. Vikuáætlun er send í tölvupósti en birtist ekki á Mentor. Skilaboð koma í tölvupósti en birtast ekki á Mentor. Ekkert af möguleikum Mentor eru nýtt til að miðla upplýsingum um skólastarfið eða stöðu barnsins.

- mentor er með öllu óvirkt samskiptaforrit hjá kennara barnsins míns.

Annað sem þú vilt taka fram um skólastarfið

Þrátt fyrir að viðhorf mitt sé fremur jákvætt í garð skólans veldur hann mér stundum vonbrigðum og mér finnst að mörgu ekki nógu vel staðið.

- ég myndi ekki segja viðhorf mitt neikvætt, þótt upplifun mín sé undir meðallagi. Margt mætti betur fara.
- Mikilvægt að hafa skemmtileg verkefni sem tengjast einhverju raunverulegu eða daglegu lífi. Það má vera heimaverkefni. T.d. tala við fólk (könnun) o.s.frv. Í lagi að virkja foreldra í það.
- Viðhorfið ólíkt eftir skólastigum - jákvætt á yngsta en verður síðan neikvæðara
- Kennarar og aðrir sem vinna í skólanum mættu bæta sig í samskiptum við börnin. Hlusta á hvað þau hafa að segja og passa að vera kurteis. Við viljum jú kenna börnunum að vera kurteis og við fullorðna fólknið erum fyrirmyndin.

IV Könnun fyrir foreldra barna á unglíngastigi

1. Er barnið þitt stúlka eða drengur?

- Stúlka
- Drengur

2. Hvernig gengur þér að fylgjast með námi barnsins þíns?

- Mjög vel
- Vel
- Fremur illa
- Fylgist ekki með náminu

3. Hversu langan tíma les barnið þitt að jafnaði á dag að heimalestri meðtöldum?

- Minna en 10 mínútur
- 10 - 20 mínútur
- 20 - 30 mínútur
- Meira en 30 mínútur
- Veit það ekki

4. Hversu sátt/ur ert þú við heimanámsstefnu skólans?

- Mjög sátt/ur
- Frekar sátt/ur
- Frekar ósátt/ur
- Mjög ósátt/ur
- Þekki ekki heimanámsstefnu skólans

5. Hversu aðgengilegar eru upplýsingar um skólastarfið að þínu mati?

- Mjög aðgengilegar
- Aðgengilegar
- Ekki nógu aðgengilegar

Er eitthvað sérstakt sem þú vilt nefna hér?

6. Hvar færð þú helst upplýsingar um skólastarfið?

- Á mentor
- Á heimasíðu skólans
- Hjá barninu mínu
- Með tölvupósti

Ef annarsstaðar þá hvar?

7. Hversu oft athugar þú skráningar fyrir þitt barn í mentor?

- Daglega
- Vikulega
- Einu sinni í mánuði
- Einu sinni á önn
- Aldrei

8. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með umsjónarkennara barnsins þíns?

- Mjög ánægð/ur
- Ánægð/ur
- Frekar óánægð/ur
- Mjög óánægð/ur

9. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með fyrirkomulag umsjónar á unglíngastigi? (Tveir kennarar sjá um umsjón með árgangi).

- Mjög ánægð/ur
- Ánægð/ur
- Frekar óánægð/ur
- Mjög óánægð/ur

10. Hvernig er viðhorf þitt til skólans almennt?

- Mjög jákvætt
- Jákvætt
- Fremur neikvætt
- Mjög neikvætt

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri vegna skólastarfsins?

V Könnun fyrir foreldra barna á miðstigi

1. Er barnið þitt stúlka eða drengur?

- Stúlka
- Drengur

2. Hvernig gengur þér að fylgjast með námi barnsins þíns?

- Mjög vel
- Vel
- Fremur illa
- Fylgist ekki með náminu

3. Hve langan tíma les barnið þitt að jafnaði á dag að heimalestri meðtöldum?

- Minna en 10 mínútur
- 10 - 20 mínútur
- 20 - 30 mínútur
- Meira en 30 mínútur
- Veit það ekki

4. Hversu sátt/ur ert þú við heimanámsstefnu skólans?

- Mjög sátt/ur
- Frekar sátt/ur
- Frekar ósátt/ur
- Þekki ekki heimanámsstefnu skólans

Eitthvað sem þú vilt taka fram í þessu sambandi?

5. Hversu aðgengilegar eru upplýsingar um skólastarfið að þínu mati?

- Mjög aðgengilegar
- Aðgengilegar
- Ekki nógu aðgengilegar

Er eitthvað sérstakt sem þú vilt nefna hér?

6. Hversu oft athugar þú skráningar fyrir þitt barn í mentor?

- Daglega
- Vikulega
- Einu sinni í mánuði
- Einu sinni á önn
- Aldrei

7. Hvar færð þú helst upplýsingar um skólastarfið?

- Á mentor
- Á vikuáætlun
- Á heimasíðu skólans
- Hjá barninu mínu
- Með tölvupósti

Ef annarsstaðar þá hvar?

8. Í haust var gerð tilraun með aukið val hjá nemendum á miðstigi, valið er kallað hræringur. Vilt þú að haldið verði áfram með „hræring“ á miðstigi?

- Já
- Nei

Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri vegna hræringisins?

9. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með umsjónarkennara barnsins þíns?

- Mjög ánægð/ur
- Ánægð/ur
- Frekar óánægð/ur
- Mjög óánægð/ur

10. Hvernig er viðhorf þitt til skólans almennt?

- Mjög jákvætt
- Jákvætt
- Fremur neikvætt
- Mjög neikvætt

Annað sem þú vilt koma á framfæri vegna skólastarfsins?

VI Könnun fyrir foreldra nemenda á yngsta stigi

1. Er barnið þitt stúlka eða drengur?

- Stúlka
- Drengur

2. Hvernig gengur þér að fylgjast með námi barnsins þíns?

- Mjög vel
- Vel
- Fremur illa
- Fylgist ekki með náminu

3. Hve langan tíma les barnið þitt að jafnaði á dag að heimalestri meðtöldum?

- Minna en 10 mínútur
- 10 - 20 mínútur
- 20 - 30 mínútur
- Meira en 30 mínútur
- Veit það ekki

4. Hversu sátt/ur ert þú við heimanámsstefnu skólans?

- Mjög sátt/ur
- Frekar sátt/ur
- Frekar ósátt/ur
- Mjög ósátt/ur
- Þekki ekki heimanámsstefnu skólans

Annað sem þú vilt taka fram í þessu sambandi

5. Hversu aðgengilegar eru upplýsingar um skólastarfið að þínu mati?

- Mjög aðgengilegar
- Aðgengilegar
- Ekki nógu aðgengilegar

Annað sem þú vilt nefna hér

6. Hversu oft athugar þú skráningar fyrir þitt barn í Mentor?

- Daglega
- Vikulega
- Einu sinni í mánuði
- Einu sinni á önn
- Aldrei

7. Hvar færð þú helst upplýsingar um skólastarfið?

- Í mentor
- Á vikuáætlun
- Á heimasíðu skólans
- Hjá barninu mínu
- Með tölvupósti

Ef annarsstaðar þá hvar?

8. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með umsjónarkennara barnsins þíns?

- Mjög ánægð/ur
- Ánægð/ur
- Frekar óánægð/ur
- Mjög óánægð/ur

9. Hvernig er viðhorf þitt til skólans almennt?

- Mjög jákvætt
- Jákvætt
- Fremur neikvætt
- Mjög neikvætt

Annað sem þú vilt koma á framfæri vegna skólastarfsins

Hér koma spurningar um Frístundina

Svo við getum þjónað þörfum barna og forelda sem best er mikilvægt fyrir okkur að fá mat ykkar á Frístundaverkefningu.

10. Hvernig líkar þér „frístundin“ fyrir nemendur í 1. - 4. bekk?

- Mjög vel
- Frekar vel
- Frekar illa
- Mjög illa

11. Vilt þú að haldið verði áfram með frístundaverkefnið?

- Já
- Nei

12. Ef haldið verður áfram með verkefnið, er eitthvað sem þú myndir þá óska að yrði gert öðruvísi en í vetur?



13. Annað sem þú vilt taka fram um frístundina?